



Ályktun aðalfundar Landvarðafélags Ísland um stofnanasamninga við Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarð og Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Nú hefur nýr kjarasamningur milli Starfsgreinasambands Ísland og ríkisins verið samþykktur. Það er ljóst að hann hefur í för með sér töluverðar breytingar á kjörum og vaktafyrirkomulagi landvarða. Við teljum þess vegna nauðsynlegt sé að endurskoða stofnanasamninga við þær þrjár megin stofnanir sem landverðir starfa hjá. Í dag eru tveir stofnanasamningar, einn við Vatnajökulsþjóðgarð og Umhverfisstofnun og annar við Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Aðalfundur Landvarðafélags Íslands sem haldin var 6. maí síðastliðinn hvetur þessar þrjár stofnanir til að semja saman einn stofnanasamning við Starfsgreinasambandið. Það yrði mikið framfaraskref fyrir landverði ef kjör þeirra verða samræmd á milli stofnana og fyrsta skref í því að sameina málefni landvarða undir einum hatti hjá ríkinu.

Ályktun aðalfundar Landvarðafélags Ísland um Þjóðgarðastofnun

Aðalfundur Landvarðafélagsins Íslands, haldinn 6. maí 2020 telur mikilvægt að koma málefnum friðlýstrasvæða undir eina ríkisstofnun. Á vorþingi ætlaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson Umhverfis- og auðlindaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp um Þjóðgarðastofnun. Nú hefur því verið frestað fram á haustþing vegna þeirra aðstæðna sem ríkja í samfélaginu og á Alþingi vegna Covid-19. Aðalfundur Landvarðafélagsins hefur skilning á því en telur jafnframt að nauðsynlegt sé að taka frumvarpið til umfjöllunar á haustþingi. Ekki einungis vegna þess að frumvarp þetta mun samræma og bæta alla náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi. Heldur einnig sameina alla landverði og þeirra störf undir eina stofnun. .

Ályktun aðalfundar Landvarðafélagsins um Hálendisþjóðgarð

6. maí 2020 samþykkti aðalfundur Landvarðafélagsins ályktun þar sem mikilvægi Hálendisþjóðgarðs er undirstrikað. Nú hefur frumvarpi um Hálendisþjóðgarð sem áætlað var að leggja fyrir vorþing Alþingis verið frestað fram á haust. Aðalfundur Landvarðafélagsins hefur fullan skilning á frestun frumvarpsins en á sama tíma leggur hann áherslu á að frumvarpið verði tekið til umræðu og samþykktar á haustþingi. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu. Nú þegar byggja þarf aftur upp samfélagið telur aðalfundurinn nauðsynlegt að byggja það upp í meiri sátt við náttúruna og umhverfið. Hálendisþjóðgarður mun efla náttúrvernd til muna á Íslandi og gera alla vinnu við vernd og umgengni um hálendis Íslands skilvirkari. Hálendisþjóðgarður mun einnig skapa fleiri störf og efla byggðir í kringum landið. Aðalfundurinn telur einnig að nú þegar uppbygging ferðaþjónustunnar hefst aftur þá felist tækifæri í því að gera það samhliða uppbyggingu Hálendisþjóðgarðs með meiri samvinnu og markvissari vinnu um verndun náttúru Íslands sem er mesta auðlind þjóðarinnar.